



– Federation of Icelandic Trade

Alþingi
Erindi nr. P 135/278
komudagur 20.11.2007

Alþingi
Viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2007

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, þskj. 16 – 16. mál

Félag íslenskra stórkaupmanna vísar til tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, sem sent var félaginu til umsagnar með erindi dagsettu 2. nóvember sl.

Félagið fagnar tillögunni enda mikilvægt að samkeppni ríki sem víðast á markaði og ríki og sveitarfélög séu ekki í samkeppni við einkaaðila. Félagið vill þó bæta við tveimur atriðum sem ekki er minnst á í tillögunni eða greinargerð með henni.

Annars vegar er mikilvægt að tekið verði til skoðunar hvort einkaaðilar geti leyst af hólmi það viðamikla eftirlit sem er með innflytjendum, dreifendum og framleiðendum matvæla á vegum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Nú, þegar nýskipan matvælamála er til meðferðar á Alþingi (frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, þskj. 131 – 130. mál), er mikilvægt að einnig verði skoðað hvort ekki sé rétt að einkavæða hið opinbera eftirlit með fyrirtækjum á matvælamarkaði til hagræðingar fyrir fyrirtækin án þess að af kröfum sé slegið. Félag íslenskra stórkaupmanna er þeirrar skoðunar að rétt sé að fela einkaaðilum (skoðunarstofum) slíkt eftirlit. Það á reyndar almennt við um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

Hins vegar er þess að geta að fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um sölu áfengis og tóbaks, 6. mál, sala léttvíns og bjórs, þar sem lagt er til að sala á léttvíni og bjór verði gefin frjálts en sala á sterku áfengi verði enn eingöngu hjá ÁTVR. Ef það frumvarp verður að lögum er sú staða komin upp á markaði að ÁTVR verður í samkeppni um sölu léttvíns og bjórs við verslunina í landinu. Telja má verulegar líkur til þess að aðskilja þurfi starfsemi ÁTVR sem tengis sölu léttvíns og bjórs frá sölu á sterkara áfengi, með vísan til 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Félag íslenskra stórkaupmanna telur slíkt



– fyrir íslenska verslun

fyrirkomulag á sölu áfengis vera afturför og hefur því í umsögn til Alþingis lagst gegn fyrrnefndu frumvarpi, m.a. með þeim rökum sem tilgreind eru í greinargerð með tillögunni. Efni frumvarpsins gengur því gegn þeim sjónarmiðum sem finna má í tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga

Í ljósi ofanritaðs er Félag íslenskra stórkaupmanna fylgjandi því að tillagan verði samþykkt en vekur þó sérstaka athygli á ofangreindum athugasemdum.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags íslenskra stórkaupmanna


Sigurður Örn Guðleifsson hdl.